

Miðvikudaginn 29. október 1980.

Nr. 219/1979. **Hallgrímur Valur Hafliðason**

(Helgi V. Jónsson hrl.)

gegn

Guðmundi Lárussyni og

Sigríði Skarphéðinsdóttur

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Úrskurður um útburð. Áfrýjun. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Gísli Kjartansson, fulltrúi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1979. Í þinghaldi 3. desember 1979 var ekki sótt þing af hálfu áfrýjanda, og féll málssókn hans niður samkvæmt ákvæðum 39. gr. laga nr. 75/1973. Með heimild í 36. gr. sömu laga hefur áfrýjandi áfrýjað að nýju 18. desember 1979.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu gera þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjanda verði gert að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það er upplýst fyrir Hæstarétti, að áfrýjandi fluttist af hinni leigðu bújörð, Eyri í Andakílshreppi, síðla sumars 1979.

Hafa aðiljar því ekki lengur lögmæta hagsmuni af því, að kveðið verði á um réttmæti þess þáttar hins áfrýjaða úrskurðar, er fjallar um framgang hinnar fyrirhuguðu útburðargerðar.

Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Það er athugavert, að nafngreindur lögfræðingur mætti í

þinghaldi einn af hálfu beggja aðilja samtímis. Er þetta brot á grundvallarreglum réttarfars.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Sigurgeirs Jónssonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Áfrýjandi vék af jörðinni Eyri í Andakílshreppi haustið 1979, án þess að ákvörðun hins áfrýjaða úrskurðar um útburð væri komin til framkvæmda. Hann hafði áður skotið málinu til Hæstaréttar og krafist þess, að úrskurðurinn yrði úr gildi felldur. Við teljum, að þegar af þeirri ástæðu geti hann nú krafist dóms um ágreiningsefnið með sama hætti og verið hefði, ef fógeti hefði framkvæmt útburð.

Þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að þeirri niðurstöðu, að vísa beri máli þessu frá Hæstarétti, eru ekki efni til að við fjöllum frekar um það.

Úrskurður fógetaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu

25. júní 1979.

Gerðarbeiðendur, Guðmundur Lárusson og Sigríður Skarp-héðinsdóttir, Stillholti 15, Akranesi, hafa krafist þess, að gerðarþoli, Hallgrímur Valur Hafliðason, skuli borinn út af jörðinni Eyri í Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu. Málskostnaðar er krafist úr hendi gerðarþola.

Af gerðarþola hálfu eru þær réttarkröfur gerðar, að beiðni gerðarbeiðenda um útburð verði vísað á bug með öllu og þeim verði gert að greiða málskostnað eftir mati dómsins.

Útburðarbeiðnin er dagsett 31. maí 1979, og var málið tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fram fór 18. júní sl.

Með leigusamningi, dags. 27. júlí 1975, leigðu gerðarbeiðendur gerðarþola og dóttur sinni Dagnýju Ósk, þáverandi eiginkonu

gerðarþola, jörðina Eyri til 3ja ára frá 1. janúar 1976 að telja. Höfðu gerðarþoli og Dagný Ósk gift sig haustið 1974 og voru bæði tilgreind sem leigutakar í samningnum. Í samningnum var gert ráð fyrir 6 mánaða uppsagnarfresti miðað við áramót. Vorið 1978 slitnaði upp úr sambúð gerðarþola og Dagnýjar Óskar, og flutti hún burt frá Eyri vorið 1978. Strax og slitnaði upp úr hjónabandinu, gerðu gerðarbeiðendur ráðstafanir til, að gerðarþoli færi burt af jörðinni. Var honum birt uppsagnarbréf 20. júní 1978. Gerðarþoli hefur ekki viljað vikja sjálfviljugur af jörðinni.

Krafa gerðarbeiðenda um útburð er fyrst og fremst studd þeim rökum, að forsendur fyrir leigusamningnum frá 27. júlí 1975 séu brostnar, með því að skilnaður hefur nú orðið með dóttur þeirra og gerðarþola og hún flutt burt frá Eyri. Það sé ljóst, að með samningnum hafi gerðarbeiðendur fyrst og fremst verið að tryggja dóttur sinni framtíðarheimili fyrir sig og fjölskyldu sína. Gerðarþola hafi í upphafi mátt vera ljóst, að samningurinn var þessari augljósu forsendu bundinn.

Þá byggja gerðarbeiðendur kröfu sína á því, að leigusamningurinn hafi verið gerður við þau bæði, gerðarþola og Dagnýju Ósk Guðmundsdóttur. Sé ekki skylt að leigja jörðina öðrum aðilja af þeim tveimur, sem samningurinn er beinlínis gerður við.

Í þriðja lagi byggja gerðarbeiðendur kröfur sínar á því, að þeim sé rétt með vísun til 5. gr., 3. mgr., ábúðarlaga nr. 64/1976 að taka jörðina til ábúðar handa sjálfum sér.

Að lokum byggja gerðarbeiðendur kröfur sínar á því, að búskaparlag gerðarþola sé með þeim hætti, að gerðarbeiðendum sé rétt að segja honum upp leiguafnotum af jörðinni án fyrirvara og hafi gerðarþoli brotið ákvæði laga nr. 21/1957 um dýravernd og eftir atvikum ákvæði í X. kafla búfjárræktarlaga nr. 31/1973.

Gerðarþoli heldur því fram, að leigusamningur sá, sem gerður var vegna ábúðar hans á jörðinni Eyri, geti ekki talist byggingarbréf samkvæmt lögum um ábúð jarða nr. 36/1961. Verði þar af leiðandi að álíta, að þrátt fyrir téðan samning, sem gangi í berhögg við ákvæði þeirra laga, fái hann ekki staðist og allra síst, þar sem samningur þessi gangi skemmra en lögin gera ráð fyrir. Ekkert þeirra ákvæða laganna, sem varða útbýggingu, verði fundið gerðarþola til ásökunar og hjónaskilnaðarmál það, sem standi yfir milli hans og dóttur gerðarbeiðenda, gefi enga ástæðu til að byggja honum út af jörðinni.

Samkvæmt eðli ábúðarlaganna sé gert ráð fyrir því, að til-

greind sé ástæða fyrir uppsögn ábúðar. Slíkt hafi ekki verið gert í uppsagnarbréfi til gerðarþola, dags. 20. júní 1978, og með bréfi til gerðarbeiðenda, dags. 27. júní 1978, var athygli þeirra vakin á því, að allar forsendur skorti til að segja gerðarþola upp ábúð, en jafnframt lýsi hann yfir því, að hann muni ekki standa í vegi fyrir því, ef þau hafi ákveðið að hefja búskap á ný. Slíka yfirlýsingu hafi gerðarþoli ekki fengið, sem staðfest sé af þeirra hálfu, allt til þessa dags. Hins vegar hafi það gerst um mánaðamótin febrúar—mars sl., að gerðarbeiðandi hafi gefið yfirlýsingu, þar sem hann heimili gerðarþola áframhaldandi ábúð. Á grundvelli þeirrar yfirlýsingar hafi gerðarþoli gert allar ráðstafanir, sem hann taldi nauðsynlegar til undirbúnings áframhaldandi búsetu, og beri gerðarbeiðendur þar af leiðandi bótaskylduábyrgð á þeim útgjöldum, sem stofnað hafi verið til í trausti þess, að gerðarbeiðendur stæðu við orð sín.

Því er haldið fram af gerðarþola hálfu, að þótt ekkert væri annað en áðurnefnd yfirlýsing annars gerðarbeiðanda, nægi það eitt til að hindra, að útburðarkrafa gerðarbeiðenda nái fram að ganga.

Gerðarþoli heldur því fram, að samkvæmt N. L. VI-14-6 verði réttur gerðarbeiðenda til útburðar að vera skýr og ótvíræður. Um það sé ekki að ræða í máli þessu. Eigi því að synja beiðni gerðarbeiðenda. Ef kastað sé einhverri rýrð á hugsanlegan rétt gerðarbeiðenda, er svo standa sakir sem hér, sé það skýr ábending um, að málið eigi með réttu undir hinn almenna héraðsdóm, þ. e. að gerðarbeiðendur verði að fá aðfararhæfan dóm um kröfur sínar.

Með áðurgreindum leigusamningi, dags. 27. júlí 1975, leigðu gerðarbeiðendur dóttur sinni og gerðarþola eignarjörð sína, Eyri í Flókadal. Á það sjónarmið gerðarbeiðenda, að við hjúskaparslit dóttur þeirra og gerðarþola hafi verið brostnar forsendur fyrir endurnýjun leigusamningsins, er fallist. Gerðarþola mátti vera það ljóst í upphafi, að samningurinn var þessari forsendu bundinn.

Í réttinum hefur verið lögð fram yfirlýsing frá Einari Gíslasyni safnaðarpresti og Guðmundi Markússyni trúboða um, að annar gerðarbeiðenda, Guðmundur Lárusson, hafi sagt í þeirra viðurvist: „Við hjónin höfum ákveðið, að Hallgrímur Valur sitji jörðina út þetta ár að minnsta kosti.“ Því hefur verið mótmælt af gerðarbeiðenda hálfu, að framangreind yfirlýsing hafi verið gefin, og var gerðarþola kunnugt um þau mótmæli þegar 30. mars

sl., er lögmaður gerðarbeiðenda ítrekar kröfur gerðarbeiðenda um, að gerðarþoli víki af jörðinni.

Í 5. gr., 3. mgr., ábúðarlaga nr. 64/1976 er jarðareiganda heimilað að taka jörð úr ábúð sjálfum sér til handa. Með bréfi lögmanns gerðarbeiðenda, dags. 27. apríl 1979, var gerðarþola af gefnu tilefni tilkynnt, að gerðarbeiðendur hygðust taka jörðina sjálf til ábúðar.

Gerðarbeiðendur hafa að hluta til byggt kröfur sínar um útburð á því, að búskaparlag gerðarþola sé með þeim hætti, að þeim sé rétt að segja honum upp leiguafnotum af jörðinni án fyrirvara. Í skýrslu Gunnars Arnar Guðmundssonar héraðsdýralæknis, dags. 25. maí 1979, dskj. nr. 24, varðandi fjárbúið að Eyri segir m. a.: „Við skoðun fjárins, sem að hluta var á húsi og að hluta úti, kom í ljós, að það var allt meira og minna í mjög slæmum holdum að undanskildum hrútum og gemlingum. Önnur sjúkdómseinkenni en vanfóðrun var ekki sjáanleg. Lömb ána, sem úti voru, voru sum hver í kryppu af hungri, enda ærnar ekki sjáanlega í því ástandi að geta mjólkað nægilega. Ærnar, og þá sérstaklega lambærnar, voru sumar hverjar í það slæmum holdum, að ég tel, að erfitt muni reynast að ná þeim upp í holdafari og reyndar vandasamt að halda þeim á lífi. Þó tel ég, að kunnáttumaður gæti ef til vill bjargað þeim, sem verst eru haldnar, með nákvæmri fóðrun og umönnun.“

Einnig hefur verið lagt fram í málinu vottorð Guðmundar Péturssonar ráðunauts, þar sem segir m. a.: „Allt féð nema gemlingar eru að mínu mati í hraðri afturför. Nokkur hluti unglambanna er í hungurkeng, hangandi í horuðum mjólkurlitlum mæðrum.“

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, og því, að gerðarþola var sagt upp ábúð jarðarinnar með þeim fyrirvara, sem í samningi hans er kveðið á, og því, að gerðarbeiðendur hafa lýst því yfir, að þau muni taka jörðina í ábúð fyrir sig sjálf, verður ekki hjá því komist að heimila útburð á gerðarþola samkvæmt kröfu gerðarbeiðenda og á þeirra ábyrgð. Ber að leggja málskostnað á gerðarþola, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 370.000.

Því úrskurðast:

Umbeðin útburðargerð fer fram á ábyrgð gerðarbeiðenda. Gerðarþoli, Hallgrímur Valur Hafliðason, greiði gerðarbeiðendum, Sigríði Skarphéðinsdóttur og Guðmundi Lárus-

syni, kr. 370.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 30. október 1980.

Nr. 34/1980. **Ákærvaldið**
 (Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
 gegn
Bjarna Magnúsi Aðalsteinssyni
 (Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.
 Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramannir Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Lögð hafa verið fyrir Hæstarétt nokkur ný skjöl, þar á meðal sakavottorð ákærða. Hann var hinn 27. febrúar 1980 dæmdur til að greiða 525.000 króna sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969 og sviptur rétti ævilangt til að öðlast ökuleyfi frá 13. nóvember 1979 að telja.

Þegar sakargögn eru virt, þykja fram komnar nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi ekið bifreiðinni R 29435 eins og í ákæru greinir, sviptur ökuréttindum ævilangt og undir áhrifum áfengis. Er atferli ákærða réttilega heimfært til refsíákvæða í héraðsdómi. Refsingu ber að ákveða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976, og 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sem í gildi var, þegar ákærði framdi brot sitt, en viðurlögum 5. gr. laga nr. 52/1978 verður ekki beitt, sbr. 2. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Eins og í héraðsdómi er rakið, var ákærði hinn 17. febrúar